

Loftslags- og umhverfisstefna

1. Inngangur

Tilgangur loftslags- og umhverfisstefnu Landsvirkjunar er að vernda umhverfið samhliða ábyrgri nýtingu auðlinda. Þá er tilgangur hennar að stýra verklagi til að draga eins og kostur er úr álagi á umhverfið sem getur orsakast af starfsemi fyrirtækisins. Stefnan tekur mið af skuldbindingum Íslands gagnvart Parísarsamkomulaginu með því að leggja áherslu á samdrátt í samfélagslosun.

Stefnan er sett af stjórn Landsvirkjunar að fenginni tillögu frá forstjóra fyrirtækisins. Landsvirkjun hlítir þeim kröfum sem gerðar eru til fyrirtækisins, skuldbindingum sem það hefur undirgengist og hefur stöðugar umbætur að leiðarljósi.

2. Gildissvið

Stefnan gildir fyrir alla starfsemi Landsvirkjunar og nær til bæði beinna og óbeinna áhrifa sem starfsemin hefur á umhverfið.

3. Hugtakaskilgreiningar

Bein áhrif:	Umhverfisáhrif sem orsakast af starfsemi sem starfsfólk Landsvirkjunar stjórnar og ber fjárhagslega ábyrgð á.
Kolefnishlutleysi:	Þegar jafnvægi er náð milli bindingar og losunar gróðurhúsalofttegunda frá manngerðum uppsprettum, þannig að nettó útstreymi þeirra sé jafnt núlli.
Óbein áhrif:	Umhverfisáhrif sem orsakast í virðiskeðju Landsvirkjunar sem birgjar, verktakar og viðskiptavinir stjórna og bera fjárhagslega ábyrgð á.
Samfélagslosun:	Sú losun sem er á beina ábyrgð stjórnvalda, þ.e. ekki innan viðskiptakerfa með losunarheimildir né vegna landnotkunar, breytinga á landnotkun og skógræktar.
Umhverfisáhrif:	Áhrif orkuvinnslunnar á umhverfið.
Umhverfisatvik:	Umhverfisatvik eru ófyrirséð áhrif á umhverfið sem orsakast af starfsemi fyrirtækisins.

4. Stefna

Landsvirkjun er í fararbroddi á sviði umhverfis- og loftslagsmála.

Við berum virðingu fyrir náttúru landsins og ásýnd þess og vinnum stöðugt að því að bæta nýtingu auðlinda og koma í veg fyrir sóun. Áhersla er lögð er á að þekkja umhverfisáhrif starfseminnar, að draga úr þeim og koma í veg fyrir umhverfisatvik.

Landsvirkjun stefnir að kolefnishlutleysi og tekur virkan þátt í alþjóðlegri baráttu gegn loftslagsvánni. Markvisst er unnið að því að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda vegna starfseminnar, styðja við skuldbindingar Íslands um samdrátt í samfélagslosun og bregðast við þeim áskorunum og tækifærum sem loftslagsbreytingum fylgja.



5. Mælikvarðar

Við háþörkum nýtingu þeirra auðlinda sem þegar hafa verið virkjaðar.

- Hlutfall seldrar orku af orkugetu (%)

Við komum í veg fyrir öll atvik sem eru skaðleg fyrir umhverfið.

- Fjöldi umhverfisatvika.

Árið 2025 verður starfsemi Landsvirkjunar kolefnishlutlaus.

- Kolefnisspor (tonn CO₂ ígilda á ári).

Árleg losun gróðurhúsalofttegunda minni en 4 gCO₂ ígilda á kWst.

- Losun gróðurhúsalofttegunda á vinnslueiningu (gCO₂ ígildi/kWst).

Við hættum að kaupa jarðefnaeldsneyti árið 2030.

- Magn keypts jarðefnaeldsneytis (l/ár).

6. Innleiðing

Forstjóri ber ábyrgð gagnvart stjórn á innleiðingu stefnunnar.

Innleiðing loftslags- og umhverfisstefnu Landsvirkjunar er í samræmi við alþjóðlega umhverfisstjórnunarstaðalinn ISO 14001 og verklagsreglu VKL-0161 um umhverfisstjórnun fyrirtækisins. Áhersla er lögð á samráð og samvinnu við starfsfólk fyrirtækisins og hagaðila, þá er leitast við að fylgja alþjóðlegum áherslum í umhverfismálum.

7. Upplýsingagjöf

Tölulegar upplýsingar í umhverfismálum eru að finna í mælaborði umhverfisgagna á innri vef. Á árlegum rýnifundum stjórnenda er farið yfir árangur og upplýsingar birtar í m.a. ársskýrslu (ársreikningi og loftslagsbókhalði) og á vef fyrirtækisins.

8. Endurskoðun

Stjórn Landsvirkjunar endurskoðar stefnu þessa eigi sjaldnar en þriðja hvert ár.

9. Gildistaka

Stefna þessi gildir frá og með staðfestingu stjórnar.

24. febrúar 2023

Stjórn Landsvirkjunar

Jónna Þórunn Magnúsdóttir
Höfnun og Torgardóttir
Jónna Þórunn Magnúsdóttir
Jónna Þórunn Magnúsdóttir
Jónna Þórunn Magnúsdóttir